


Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðla
Nína Margrét Grímsdóttir
píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 28. mars 2023 kl. 20:00

Síðla árs 1777 kvaddi Mozart Salzburg með litlum söknuði og hélt á vit nýrra ævintýra og einnig að leita sér að fastri stöðu. Ferðaðist hann til Augsburg, Mannheim, Parísar og Munchen. Hljómsveitin í Mannheim var talin ein hin besta í Evrópu á þeim tíma og dvaldist hann þar um skeið og kynntist meðlimum hennar. Hann hafði vonir um stöðu þar, sem þó brugðust. Meðan hann var þar kynnti hann sér sex fiðlusónötur eftir Joseph Schuster og varð svo hrifinn af formi þeirra að hann einsetti sér að skrifa sjálfur sex slíkar. Þær urðu sjö – reyndar samdi hann tvær þeirra eftir að hann var kominn til Parísar árið 1778 – og eru þær yfirleitt nefndar einu nafni Mannheim sönötturnar.

Þetta var tími mikilla tilfinninga því í Mannheim kynntist hann fyrstu ást sinni, Aloysia Weber (síðar kvæntist hann yngri systur hennar, Constanze) og í París lést móðir hans sem fylgt hafði honum á ferðum hans. Sönötuna í e moll (K304) samdi hann eftir lát móður sinnar í París.

Efnisskrá

W.A. Mozart
1756–1791

Sónata nr. 18 í G dúr K 301

Allegro con spirito
Allegro

Sónata nr. 21 í e moll K 304

Allegro
Tempo di Menuetto

Sónata nr. 22 í A dúr K 305

Allegro di molto
Tema con variazione:
Andante grazioso – Allegro

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sínfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Diskur hennar DIALOGUS sem kom út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum hlaut tilnefninguna „CD of the year 2015“ hjá Fanfare Magazine og það ár endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Nína Margrét Grímsdóttir er í fremstu röð klassískra píanóleikara landsins. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, LGSM prófi frá Guildhall School of Music and Drama, meistaraprófi frá City University í London, Professional Studies Diploma frá Mannes College of Music í New York og doktorsprófi í píanóleik frá City University of New York.

Nína Margrét hefur komið fram á Íslandi og víðar í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína, sem einleikari með hljómsveitum og í kammertónlist. Hún hefur hljóðritað fimm geisladiska fyrir Naxos, BIS, Acte Pre'alable og Skref sem allir hafa hlotið frábæra dóma í Gramophone Awards Issue, BBC Music Magazine, Glasgow Herald, Crescendo-Magazine, Xían Evening News og High Fidelity.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana

The Museum café is open after the concert

Vetrar- og vordagskrá LSÓ er birt á heimasíðu safnsins www.LSO.is